

---

# Læsisstefna

---

Gildir frá haustinu 2018



Efnisyfirlit	
Formáli .....	2
Um grunnstoðir læsis .....	3
Hlustun.....	3
Talmál .....	3
Lestur .....	3
Ritun .....	3
Þróun læsis .....	4
Læsisáherslur Dalvíkurskóla .....	5
Læsisþjálfun eftir bekkjum .....	5
Lestraráttök .....	5
Stóra og litla upplestrarkeppnin.....	5
Kennsluaðferðir .....	6
Byrjendalæsi .....	6
PALS.....	6
Orð af orði.....	6
Gagnvirkur lestur .....	6
Yndislestur .....	7
Lestrarnám barna með annað móðurmál en íslensku .....	7
Námsmat í lestri og skráning niðurstaðna .....	7
Viðmið um lesfimi.....	8
Skimanir, mat og íhlutun .....	9
Skimanir og mat.....	9
Íhlutun .....	9
Samstarf heimils og skóla .....	10
Heimalestur.....	10
Lestrarmiðar og tíðni heimalestrar .....	11
Eftirfylgni kennara með heimalestrarmiðum.....	11
Nýting bókasafna.....	11
Ráðgjöf um læsi .....	12
Fylgiskjal 1 .....	13
Fylgiskjal 2.....	15
Fylgiskjal 3.....	16

## Formáli

Fræðsluráð Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum 11. október 2017 að læsisstefna Eyjafjarðar *Læsi er lykillinn*, sem birtist á vefsíðunni <http://lykillinn.akmennt.is/>, verði stefna sveitarfélagsins í læsi. Stefnan er afrakstur þriggja ára þróunarvinnu skóla á Eyjafjarðar-svæðinu, Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri og fræðsluviðs Akureyrarbæjar. Fulltrúar læsisteymis Dalvíkurskóla árin 2015-2017 tóku þátt í mótun stefnunnar. Henni er ætlað að vera leiðbeinandi um læsiskennslu í leik- og grunnskólum. Á heimasíðunni er einnig að finna fjölbreytt efni sem kennarar geta nýtt til að meta stöðu nemenda og til að skipuleggja kennslu, leiðbeiningar fyrir foreldra (<http://lykillinn.akmennt.is/heimili-og-skoli-2/heimili-og-skoli/>) og fleira.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá árinu 2011 eru skilgreindir sex grunnþættir menntunar. Læsi í víðum skilningi er einn þeirra. Færniþættir læsis eru þar flokkaðir í hlustun, talmál, lestur og ritun.

Læsisstefna Dalvíkurskóla sem hér birtist er nánari útfærsla skólans á *Aðalnámskrá grunnskóla* og stefnunni *Læsi er lykillinn*. Hún er hluti af skólanámskrá Dalvíkurskóla. Öllum kennurum Dalvíkurskóla er ætlað að stuðla að öflugu læsi nemenda óháð námsgreinum. Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennslan og lestrarþjálfunin á öllum stigum grunnskólans að vera markviss og fjölbreytt. Skólinn leggur áherslu á að bregðast sem fyrst við ef vísbendingar koma fram um hindranir í vegi farsæls lestrarnáms.

Læsissteymi Dalvíkurskóla vann þessa stefnumörkun veturinn 2017-2018. Í því sátu Elsa Austfjörð, umsjónarkennari 1. bekkjar, Gunnhildur Birnisdóttir, verkefnastjóri sérkennslu í Dalvíkurskóla og Katrín Fjóla Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngra stigs Dalvíkurskóla. Dóróþea Reimarsdóttir, kennsluráðgjafi á fræðsluviði Dalvíkurbyggðar, veitti ráðgjöf og stuðning við verkið.

Dalvík í júní 2018.

## Um grunnstoðir læsis

### Hlustun

Hlustun er eitt grundvallaratriðið í máltöku barna. Til að barn geti tileinkað sér hljóðkerfi tungumálsins verður það að hlusta. Með hlustun byggir barn upp orðaforða sinn sem meðal annars er undirstaða fyrir lesskilning seinna meir. Hlustun þjálfar athygli og einbeitingu sem eru mikilvægir þættir í lestrarnáminu.

### Talmál

Skapa þarf börnum aðstæður til að njóta tungumálsins. Vinna þarf með orðaforða og gefa þeim tækifæri til að spjalla saman um persónulega reynslu sína. Orðaforði hefur áhrif á leshraða, því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það textann. Leggja þarf áherslu á að auka tal- og hlustunarorðaforða hjá nemendum en hlustunar-skilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Færni barns í að segja frá, útskýra og gefa upplýsingar hefur mikil áhrif á hvernig það tileinkar sér læsi og ritun.

### Lestur

Lestur samanstendur af tveimur megin þáttum. Annars vegar tækni sem felur í sér að vita heiti og hljóð bókstafanna og tengja hljóðin saman í merkingarbær orð. Hins vegar af lesskilningi sem felur í sér að ná merkingu úr lesnum texta, tengja hann við fyrri þekkingu og byggja ofan á hana. Báðir þessir þættir eru jafn mikilvægir til þess að geta lesið sér til gagns.

Lesskilningur er ferli sem gerir lesaranum mögulegt að skilja texta, hugleiða og draga ályktanir. Hann getur aldrei orðið sjálfvirkur þar sem hann krefst alltaf athygli og virkrar hugsunar. Þegar árangursríkur lestur hefur átt sér stað lýsir það sér í heildstæðri og nothæfri mynd af textanum í huga lesarans. Svo þetta geti orðið þarf lesarinn að búa yfir ríkulegum orðaforða, góðri bakgrunnsþekkingu, hæfni til að draga ályktanir, þekkingu á uppbyggingu máls og texta og vitund um eigin skilning. Því er mikilvægt að lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans sé markviss, fjölbreytt og taki á öllum þessum þáttum.

Rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimina eflist jafnframt lesskilningurinn.

### Ritun

Ritun og lestur eru gagnvirk ferli sem þjálfar þarf samhliða. Ritun má greina í tvo samofna meginþætti, tæknilega þætti eins og skrift, stafsetningu og uppsetningu texta og efnisleg atriði eins og skipulag og málsnið. Grunnur að færni í ritun er lagður strax á heimili barna með þjálfun talmáls og með því að lesa fyrir þau. Því meira sem barnið les og lesið er fyrir það því víðari verður sjóndeildarhringur þess. Reynsla lesanda hefur bæði áhrif á lesskilning og ritun, þ.e. reynsla og áhugi nemandans litar frásögn hans í ritun.

## Þróun læsis

Í stefnunni *Læsi er lykillinn* eru sett fram viðmið fyrir eftirtalda færniþætti (sjá nánar <http://lykillinn.akmennt.is/ny-sida/>):

- Samræða, tjáning og hlustun
- Lestur og lesskilningur
- Ritun og miðlun
- Lesfimi

Í stefnunni eru skilgreind sex þrep í þróun læsis. Gróflega má áætla að nemendur raðist á þrepin sem hér segir:

Leikskóli: 1.–2. þrep

1.–4. bekkur: 2.–4. þrep

5.–7. bekkur: 4.–5. þrep

8.–10. bekkur: 5.–6. þrep

Yfirlit yfir lestrarlag, hraðaviðmið og áherslur í kennslu á hverju þrepi er að finna á slóðinni <http://lykillinn.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/Lesfimithrep.pdf>

Þrepunum er ætlað að hjálpa kennurum að greina stöðu nemenda, fylgjast með framförum þeirra og tryggja þeim kennslu við hæfi. Þó að gefin séu viðmið um hvar ætla má að nemendur séu staddir miðað við aldur er lögð áhersla á að læsi þróast mishratt hjá einstaklingum og mikilvægt er að styðja við hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur. Leiðbeiningar um áherslur í kennslu á hverju þrepi auðvelda kennurum og foreldrum að mæta þörfum hvers og eins.

## Læsisáherslur Dalvíkurskóla

Dalvíkurskóli leggur mikla áherslu á að rækta læsi í víðum skilningi svo nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði sér til gagns og gamans. Unnið er að því að nemendur geti nýtt sér margvíslega miðla í þekkingarleit og við úrvinnslu, lesið úr myndritum á ýmsu formi, myndað sér skoðanir út frá lesnu efni og tjáð sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt. Í skólanum hefst kennsla í ritun samhliða kennslu í lestri, því unnið er að umskráningu jafnt í báðar áttir það er frá staf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til stafs (ritun).

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að tryggja kunnáttu nemenda í umskráningu stafa og hljóða. Grunnfærni í lestri og ritun er þjálfuð, þannig að nemendur geti lesið einfaldan texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun, endursögn eða annars konar tjáningarform. Á miðstigi er haldið áfram að þjálfva nemendur í lestri, þeim kennt mismunandi lestrarlag og það þjálfað. Jafnframt fá þeir þjálfun í ritun og þeir gerðir færir um að skrifa ólíkar tegundir texta. Á unglingsstigi fá nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og með skilningi. Nemendur þurfa að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun, ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta.

### Læsisþjálfun eftir bekkjum

Taflan hér fyrir neðan sýnir tíðni og form læsisþjálfunar í Dalvíkurskóla.

Bekkur	Lesið upphátt í skóla	Yndislestur	Les-skilningsverkefni	Æfing í framsögn / upplestri	Kennari les upphátt	Heimalestur
1.	1-3x í viku	5x í viku	2-3x í viku		5x í viku	5x í viku
2.	1-3x í viku	5x í viku	2-3x í viku	1-2x í mán.	5x í viku	5x í viku
3.	1-3x í viku	5x í viku	3-4x í viku	1-2x í mán.	5x í viku	5x í viku
4.	1-3x í viku	5x í viku	3-4x í viku	1-2x í viku	5x í viku	5x í viku
5.	1-3x í viku	4-5x í viku	3-4x í viku	1-2x í mán.	4-5x í viku	5x í viku
6.	1-3x í viku	4-5x í viku	3-4x í viku	1-2x í mán.	4-5x í viku	5x í viku
7.	1-3x í viku	4-5x í viku	3-4x í viku	1x í viku	2-3x í viku	5x í viku
8.	1-3x í viku	4-5x í viku	3-4x í viku	1-2x í mán.	2-3x í viku	5x í viku
9.	2x í mán.	3-4 í viku	3-4 x í viku	1-2x í mán.	2-3x í viku	5x í viku
10.	2x í mán.	3-4 x í viku	3-4 x í viku	1-2x í mán.	2-3x í viku	5x í viku

### Lestrarátök

Til þess að ná upp góðri lesfimi þurfa nemendur stöðuga og mikla þjálfun. Í september, janúar og í lok apríl er efnt til sérstaks lestrarátaks fyrir alla nemendur skólans. Það stendur yfir í tvær til þrjár vikur hverju sinni. Markmiðið er að efla sjálfvirkan lestur þannig að hann verði smám saman hraðari og fyrirhafnalaus. Nemendur eru hvattir til að lesa sem mest og árangur þeirra gerður sýnilegur. Það er til dæmis gert með því að hengja upp á veggri nöfn bóka eða blaðsíðufjöldann sem nemendur lesa, setja upp súlurit, klukkur og fleira. Lestrarátökinn eru hugsuð sem samvinnuverkefni heimila og skóla, því að þátttaka og stuðningur foreldra stuðlar að aukinni lestrarfærni nemenda og eykur jafnframt samstarf við foreldra.

### Stóra og litla upplestrarkeppnin

Árlega tekur 7. bekkur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Undirbúningur hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og keppninni lýkur með uppskeruhátíð í mars þar sem sigurvegarar innan skólans keppa til úrslita við nemendur úr Grunnskóla Fjallabyggðar. Áhersla er lögð á

að æfa vandaðan blæbrigðaríkan upplestur og skýran framburð þennan tíma sem og að fá alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. 4. bekkur tekur þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem einungis fer fram innan skólans en markmiðin eru þau sömu.

### Kennsluaðferðir

Á yngsta stigi skólans er ritun kennd samkvæmt vinnulagi Byrjendalæsis. Í öllum árgöngum er þó lögð áhersla á að kenna nemendum alla þá færni sem ritun krefst og þeim fengin verk-efni sem þjálfa þá færni markvisst. Áherslur og aðferðir í kennslunni breytast með aukinni færni nemenda.

Árgangur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Byrjendalæsi										
PALS										
Orð af orði										
Gagnvirkur lestur										
Yndislestur										

Lestrartengdar kennsluaðferðir sem notaðar eru í hverjum árgangi.

Litamerkingar: ljósgrár merkir sumir nemendur - dökkgrár allir nemendur

### Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem unnið er með merkingu málsins, málörvun, orðaforða og tæknilega þætti lestrarnámsins. Kennsluaðferðin nær til allra þátta móðurmálsins en unnið er út frá gæðatextum barnabókmennta. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild í Byrjendalæsi. Sértekir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðavitund, rétt-ritun, orðaforði, setningaupbygging, málfræði og skrift eru tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái sem fyrst góðum árangri í læsi á skólagöngu sinni.

### PALS

PALS eða Þör að læra saman er lestrarþjálfunaraðferð (*Peer assistand learning strategies*) sem notuð er í 1.-6. bekk. Þar lesa nemendur hver fyrir annan, leiðrétta og hrósa hver öðrum. Auk þess að lesa þurfa nemendur að velta fyrir sér innihaldi textans og segja frá því sem þeir lásu (endursögn).

### Orð af orði

Áhersla er lögð á öflugt málumhverfi, samvinnu og samræður og að gefa góðan tíma til kennslu. Í því felst að virkja forþekkingu nemenda, að nemendur geti rætt um það efni sem þeir fást við, inntak, hugtök og orð og geti tjáð sig með viðeigandi orðræðu og notað viðeigandi lykilorðaforða. Einnig að brjóta efnið til mergjar stig af stigi og að nemendur læri markvisst að rannsaka, skoða og sundurgreina, *að læra*; að þeir geti gert áætlanir um námsferli og geti nýtt sér fjölbreytilega námstækni. Áhersla er lögð á að nýta aðferðina í öllum bóklegum greinum og samþætta fög þegar við á.

### Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur beinir huga lesandans að lesefninu og hvernig það tengist fyrri þekkingu hans á því. Lögð er áhersla á að lesandinn beiti ályktunarhæfni sinni, lesi milli lína, gæti vel að því sem er óljóst og spyrji sig spurninga um efnið og eigin skilning. Aðferðin er heildstætt ferli en einnig má taka út staka þætti hennar sem eru að taka saman meginefni, spyrja sig

spurninga, leita útskýringa á orðum, hugtökum og efni þegar það er óljóst og spá fyrir um framhaldið.

### Yndislestur.

Á stundaskrá 1.- 4. bekkjar eru áætlaðar 15 - 20 mínútur daglega í yndislestur. Í 5.-10. bekk skipuleggja umsjónarkennarar lestrarstundir í hverri viku. Lögð er áhersla á að nemendur velji sér lesefni, hvort sem það er heimalestrarbók eða aðrar bækur og tímarit. Markmið yndislestrar er að nemandinn lesi sér til ánægju. Yndislestur getur aukið við orðaforða, skilning og þekkingu nemenda og þar með námsárangur þegar til lengri tíma er litið.

### Lestrarnám barna með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá þjálfun í íslensku máli og tækifæri til að þróa þekkingargrunn sinn og læsi. Nýbúakennslu er ætlað að styrkja þessa nemendur til þátttöku í skólafarfinu. Markmiðið með kennslunni er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, talað og ritað, og geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar. Helstu leiðir að læsismarkmiðum:

- Tryggja að nemendur nái valdi á réttum hljóðum hljóðlíkra stafa (s.s. þ, ð og f, g og k, t og d) og sérhljóða (s.s. o, ó, ö og u sem og broddstafa og ekki broddstafa).
- Dagleg vinna með lestur á íslensku í skólanum.
- Orðaforði og hugtakaskilningur eflur í gegnum námsefni hvernar námsgreinar.
- Foreldrar hvattir til að kenna börnum sínum að lesa á móðurmáli sínu og til að ýta undir að börnin lesi efni á móðurmálinu heima og í skóla.

september	Stafa og hljóðapróf. Málhljóðamælirinn.	Allir nemendur með annað móðurmál en íslensku	Nýbúakennari/ sérkennari
október og nóvember	Íhlutun í skóla u.þ.b. 3x í viku 10 til 15 mín í senn.	Ákveðnir nemendur	Nýbúakennari/ sérkennari
október og nóvember	Íhlutun heima. Öpp og gagnvirkt efni mms.is.	Ákveðnir nemendur	Nemendur og foreldrar
desember	Endurmat. Stafa og hljóða-próf, málhljóðamælirinn.	Ákveðnir nemendur	Nýbúakennari/ sérkennari
janúar til mars	Íhlutun í skóla u.þ.b. 2x í viku í 10 til 15 mínútur	Ákveðnir nemendur	Nýbúakennari/ sérkennari
apríl/maí	Endurmat. Stafa og hljóða-próf, málhljóðamælirinn.	Ákveðnir nemendur	Nýbúakennari/ sérkennari
maí	Áætlun gerð fyrir næsta vetur.	Ákveðnir nemendur	Nýbúakennari/ sérkennari

Ferill í stafa og hljóðakönnun hjá nemendum af erlendum uppruna í 1.- 4. bekk.

### Námsmat í lestri og skráning niðurstaðna

Námsmat í 1.-10. bekk er í formi umsagnar þrisvar sinnum yfir skólaárið í september, janúar og maí. Þar koma fram niðurstöður Lesferilsprófanna ásamt lestrarlagi, samanber *Læsi er lykilinn* <https://drive.google.com/file/d/0ByAVyTYyQVtgLV82dEJSUFIVTEE/view>

Haldin er skrá yfir Lesferilsniðurstöður allra nemenda til að fylgjast með framgangi lesfimi þeirra og gripið inn í með íhlutun þar sem við á.



## Viðmið um lesfimi

Dalvíkurskóli notar viðmið Menntamálastofnunar fyrir lesfimiþrófið Lesferil til viðmiðunar um leshraða en ekki viðmið úr *Læsi er lykillinn* en lítilháttar munur er þar á. Markmið skólans er að sem flestir nemendur nái a.m.k. 50% viðmiðinu. Allir nemendur sem ná ekki 90% viðmiðum fá íhlutun í skóla og einnig er foreldrum boðið að fá efni til þjálfunar.

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210



## Skimanir, mat og íhlutun

Í Dalvíkurskóla eru eftirtaldar skimanir og próf nýtt til að meta læsi nemenda. Fylgst er grannt með árangri þeirra og gripið inn í með aukinni þjálfun og heimapökkum ef þurfa þykir.

### Skimanir og mat

Bekkur	Prófgögn	Tími	Framkvæmd/ ábyrgð	allir	nokkrir
1.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Lesskimun Hljóðfærni	sept, jan og maí okt okt	Umsjónark./sérk. Umsjónark./sérk. Sérkennari	x	x x
2.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf	Sept, jan og maí	Umsjónarkennari	x	
3.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Logos valdir þættir Orðarún	sept, jan og maí nóv/des okt/feb	Umsjónarkennari Sérkennari Umsjónarkennari	x x	x
4.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Samræmt próf í ísl. Orðarún	sept, jan og maí sept okt/feb	Umsjónarkennari Umsjónark./sérk. Umsjónarkennari	x x x	
5.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Logos greiningar Orðarún	sept, jan og maí nóv/des okt/feb	Umsjónarkennari sérkennari umsjónarkennari	x x	x
6.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Orðarún	sept, jan og maí okt/ feb	Umsjónarkennari umsjónarkennari	x x	
7.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Samræmt próf í ísl Orðarún	sept, jan og maí sept. okt/feb	Umsjónarkennari Umsjónak./sérk. Umsjónarkennari	x x x	
8.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Orðarún	sept, jan og maí okt/feb	Umsjónarkennari Íslenskuk./sérk.	x x	
9.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Samræmtpróf í ísl, GRP14h-stafsetning	sept, jan og maí mars sept/okt	Umsjónarkennari Umsjónark./sérk. Umsjónark./sérk.	x x x	
10.bekkur	Lesferill/lesfimiþróf Logos lestrar- greining út frá niðurstöðum úr GRP14h og Lesferli	sept, jan og maí  nóv/des/jan	Umsjónarkennari  Sérkennari	x	x

Yfirlit yfir læsis skimanir í Dalvíkurskóla

### Íhlutun

Rannsóknir benda til mikils einstaklingsmunar í flestum þáttum læsis strax í upphafi lestrar-náms. Sé ekkert að gert eykst sá munur frekar en minnkar þegar líða tekur á skólagönguna. Því er til mikils að vinna að bera sem fyrst kennsl á og styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda og koma þannig í veg fyrir að þau dragist aftur úr í málþroska og læsi.

Í 1. bekk er sett inn íhlutun í framhaldi af niðurstöðum Lesferils og Hljóðfærni. Í öðrum bekkjum eru niðurstöður Lesferlis skoðaðar í september, janúar og maí. Hafi 90% lestrarviðmiðum ekki verið náð er gripið inn í heima og í skóla m.a. með heimapökkum þar sem heimilið fær sérvalið efni til þjálfunar í undirstöðu lestrarnáms og leiðsögn sérkennara

um hvernig sú þjálfun geti farið fram. Í skólanum er samhliða unnið með undirstöðu lestrar-námsins á fjölbreyttan hátt, ýmist hjá sérkennara eða í litlum hópi.

Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir 3. til 8. bekk í október og febrúar. Þeir nemendur sem mælast undir 30 í hundraðsröð fá íhlutun í samráði við heimilin í formi heimapakka.

### Mat og íhlutun hjá 1. bekk

september	Lesferill – lesfimi g sjónrænn orðaforði	Sumir nemendur	Umsjónarkennari og sérkennari
október	Lesferill - lesskimun	Allir nemendur	Sérkennari/ umsjónarkennari
október	Hljóðfærni	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
okt /nóv	Íhlutun skóli og heimili	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
janúar	Lesferill –allir prófþættir	Allir nemendur	Umsjónarkennari
janúar	Hljóðfærni /endurmat	Ákveðnir nemendur	Sérkennari
febrúar	Íhlutun heimili og skóli	Ákveðnir nemendur	Sérkennari

### Mat og íhlutun hjá 2. - 6. bekk

september	Lesferill – lesfimi og sjónrænn orðaforði	Allir nemendur	Umsjónarkennari
sept/okt	Íhlutun skóli og heimili	Ákveðnir nemendur	Umsjónarkennari Og sérkennari
janúar	Lesferill –allir prófþættir	Allir nemendur	Umsjónarkennari
janúar/feb	Íhlutun skóli og heimili	Ákveðnir nemendur	Umsjónarkennari og sérkennari
maí	Lesferill –allir prófþættir	Allir nemendur	Umsjónarkennari

Í 3. til 8. bekk er mismunandi þættir lestrarferlisins teknir hverju sinni en íhlutunin er á sama tíma hjá öllum bekkjum.

## Samstarf heimils og skóla

Lestrarnám barna er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla. Á meðan nemendur eru að ná tókum á lestri og auka sjálfvirknina þurfa þeir mikla æfingu sem þarf að eiga sér stað bæði í skólanum og heima. Á hverju hausti stendur Dalvíkurskóli fyrir fræðslufundi um læsi fyrir foreldra nemenda í 1. bekk.

### Heimalestur

Markmið með heimalestri eru að nemendur bæti lesfimi sína, auki orðaforða sinn og mál-skilning. Við heimalestur er nauðsynlegt að skapa góðar aðstæður og sjá til þess að barnið verði ekki fyrir truflun á meðan það les. Alltaf ætti fullorðinn að sitja með barninu og fylgjast

með lestrinum, lesa rétt þau orð sem barnið les rangt, hrósa og hvetja barnið áfram. Mikilvægt er að útskýra orð og ræða efni textans til að efla skilning barnsins.



Stuðningur foreldra við lestrarnámið felst ekki eingöngu í því að hlusta á barnið lesa. Mikilvægt er að fullorðinn lesi einnig fyrir barnið fjölbreyttan texta sem fellur að þekkingu og áhuga þess og að þeir ræði lesefnið. Einnig þarf að útskýra erfið orð og þjálfra upp ályktunarhæfni barnanna, t.d. með því að láta þau spá fyrir um hvað líklegt sé að gerist næst í sögunni. Þannig fær barnið tækifæri til að mynda tengsl við textann, auka almenna þekkingu sína, efla hugsunina og bregðast við innihaldi textans.

### Lestrarmiðar og tíðni heimalestrar

Heimalestur á að skrá svo að kennarinn geti haft yfirsýn yfir lestur nemenda sinna. Heimalestrarmiðar ná yfir 4 - 5 vikur í senn og ætlast er til að nemendur lesi heima a.m.k. fimm daga í viku. Dæmi um lestrarmiða er á fylgiskjali 1.

Markmiðið er að nemendur í 1.-6. bekk lesi upphátt heima í 15 mínútur í senn og foreldrar kvitti fyrir. Nemendur í 7. -10. bekk lesi heima í 15 - 20 mínútur í senn, þar af a.m.k. eina blaðsíðu upphátt og foreldrar kvitta fyrir.

### Eftirfylgni kennara með heimalestrarmiðum

Hver umsjónarkennari heldur utan um heimalestrarmiðana yfir veturinn, sjá dæmi um skráningarblað í fylgiskjali 2. Þeir eru síðan nýttir inn í námsmatið í lestri þar sem fram kemur hvernig heimalestri er sinnt.

Eftir hvert lestrartímabil fer umsjónarkennari yfir lestrarmiða nemenda og sendir foreldrum póst sem inniheldur mat á hvernig heimalestrinum var sinnt á tímabilinu. Dæmi um slík skilaboð er að finna í fylgiskjali 3.

### Nýting bókasafna

Nemendur sækja bækur á bókasafn Dalvíkurskóla, bæði fyrir yndislestrarstundir og til heimalestrar. Í byrjun desember er fastur liður að nemendum í 1.- 6. bekk bjóðist að hlýða þar á upplestur úr nýjum barna- og unglingabókum.

Skólinn á í samstarfi við Bókasafn Dalvíkurbyggðar. Það felst meðal annars í heimsóknnum nemenda á safnið. Nemendur fá þar fræðslu um safnið ásamt því að skoða og nýta safnkostinn. Unnið er að gerð samstarfsáætlunar bókasafnsins og Dalvíkurskóla. Allir nemendur geta fengið bókasafnskort á Bókasafni Dalvíkurbyggðar sér að kostnaðarlausu.

## Ráðgjöf um læsi

Í Dalvíkurskóla starfa menntaðir sérkennarar, sérstakt læsisteymi og leiðtogi í Byrjendalæsi. Ráðgjöf til nemenda, foreldra þeirra og kennara er í höndum þessara aðila. Þeir eiga að bregðast við fyrirspurnum eða óskum um ráðgjöf og hafa frumkvæði að fræðslu og ráðgjöf um læsi þar sem þeir sjá þörf fyrir hana. Ráðgjöfin snýst annars vegar um að aðstoða kennara við að aðlaga námsefni og tileinka sér kennsluhætti sem stuðla að auknu læsi nemenda og hins vegar um að kenna nemendum (og foreldrum) leiðir til að efla færni sína og að nýta sér hjálpartæki.

Á fræðsluviði Dalvíkurbyggðar starfar kennsluráðgjafi sem hefur meðal annars það hlutverk að styðja við fagmennsku kennara með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð tengd málörvun og læsi leik- og grunnskólabarna. Auk þess sinnir hann greiningum og skimunum nemenda eftir óskum frá Dalvíkurskóla og ráðgjöf til foreldra sé þess óskað. Þá fylgist hann með niðurstöðum Lesferils og hefur um þær samráð við stjórnendur, sérkennara og teymið um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla sem framvegis mun kallast Fagráð.

## Fylgiskjal 1

### Dæmi um lestrarmiða í 1. til 10. bekk.

Heimalestur í október/nóvember.

Nafn: \_\_\_\_\_



#### Vikan 23. – 29. október

	Heiti bókar	Bls.	Hver hlustar	Lesið í skóla
Mánudagur				
Þriðjudagur				
Miðvikudagur				
Fimmtudagur				
Föstudagur				
Laugardagur				
Sunnudagur				

\*\* Mikilvægt er að lesa heima a.m.k. 5x í viku \*\*

#### Vikan 30. október – 5. nóvember

	Heiti bókar	Bls.	Hver hlustar	Lesið í skóla
Mánudagur				
Þriðjudagur				
Miðvikudagur				
Fimmtudagur				
Föstudagur				
Laugardagur				
Sunnudagur				

\*\* Mikilvægt er að lesa heima a.m.k. 5x í viku \*\*

**Vikan 6. – 12. nóvember**

	Heiti bókar	Bls.	Hver hlustar	Lesið í skóla
Mánudagur				
Þriðjudagur				
Miðvikudagur				
Fimmtudagur				
Föstudagur				
Laugardagur				
Sunnudagur				

\*\* Mikilvægt er að lesa heima a.m.k. 5x í viku \*\*

**Vikan 13. – 19. nóvember**

	Heiti bókar	Bls.	Hver hlustar	Lesið í skóla
Mánudagur				
Þriðjudagur				
Miðvikudagur				
Fimmtudagur				
Föstudagur				
Laugardagur				
Sunnudagur				

\*\* Mikilvægt er að lesa heima a.m.k. 5x í viku \*\*

Skiladagur á þessu blaði er mánudaginn 20. nóvember.

## Fylgiskjal 2

### Dæmi um skráningarblað heimalesturs eftir önnum.

Heimalestur \_\_\_\_ . bekk 2017/2018

Póstur sendur heim eftir hvern mánuð í gegnum Námfús!

Nafn	Ágúst/ sep	Sept/ okt	Okt/ nóv	Nóv/ des	Jan/ feb	Feb/	Mars/ apr	Apr/ maí	Maí

X = Barnið les a.m.k. 5 sinnum í viku (Heimalestri er vel sinnt)

O = Barnið les sjaldnar en 5 sinnum í vika (Heimalestur er ekki fullnægjandi)



## Fylgiskjal 3

### **Dæmi um skilaboð umsjónarkennara eftir yfirlestur á heimalestrarmiðum.**

*Dæmi 1:*

Komið þið sæl

Samkvæmt lestrarmiða ágúst/september hefur heimalestri verið vel sinnt hjá þínu barni. Frábært hjá ykkur þar sem heimalestur er mjög mikilvægur þáttur í lestrarnámi barna.

Kveðja, umsjónarkennari

*Dæmi 2:*

Komið þið sæl

Samkvæmt lestrarmiða ágúst/september hefur barnið ykkar ekki lesið heima 20 daga á fjórum vikum (a.m.k. 5x í viku) eins og til er ætlast. Heimalestur er mjög mikilvægur þáttur í lestrarnámi barna og ég hvet ykkur til að passa upp á að lesa nógu oft heima.

Kveðja, umsjónarkennari